

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2025, þriðjudaginn 11. mars kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1198. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 2 - Niðurrif - USK25010260

Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á mhl. 01 og 02 á lóð nr. 2 - og 4-6 við Arnarbakka. Mhl. 01 607 ferm., mhl. 02 1298 ferm. Erindinu fylgir verkáætlun um framkvæmdirnar á lóð.

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

2. Austurbakki 2 - USK24020030

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0xxxxx og innréttu skrifstofur á 1. hæð og í kjallara, í rými þar sem áður var verslunar- og þjónusturými í mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka. Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2024 og bókun skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2025 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

3. B gata 19 - USK25020256

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032714 vegna lokaúttektar, breytingar felast í innanhúsbreytingum, gluggum og hurðum í húsi nr. 19 við B götu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

4. B gata 5 - USK25020257

Sótt er um leyfi fyrir áðurgerðar gert hest- og fjárhús á lóð nr. 5 við Surtlugötu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. Baldursgata 23 - USK25020301

Sótt er um leyfi til þess að sameina mhl02 og mhl70 og fyrir áður gerðum breytingum á útliti og innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 23 við Baldursgötu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Barónsstígur 11A - USK24100260

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi, mhl.01, í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum og til þess að hækka hús nr. 11B, mhl.02, um tvær hæðir og til þess að sameina matshluta 01 og 02 á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Stækkun: 152.6 ferm., 270.6 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 7. janúar 2025 og greinargerð frá hönnuði dags. 4.mars 2025 og 18. ágúst 2020.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

7. Bergstaðastræti 34 - USK25020086

Sótt er um leyfi til að stækka kjallara til vesturs og byggja viðbyggingu og svalir á 1. hæð, stækka kjallaraglugga og gera hurð úti garð, auk þess að að færa útlit til upprunalegs horfs og byggja hjólageymslu við einbýlishús á lóð nr. 34 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra, samþykki eigenda Bergstaðastrætis 34b og 36, greinargerð aðalhönnuðar dags,19. febrúar 2025 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. febrúar 2025.

Stækkun: 30,7 ferm.,

Eftir stækkun: 123 ferm., 340,8 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

8. Bergþórugata 2 - USK25020300

Sótt er um leyfi til þess að stækka svalir og breyta kvist á lóð nr. 2 við Bergþórugötu

Frestað.

Vísað til athugasemda.

9. Borgartún 18 - USK25010039

Sótt er um leyfi til að byggja upphitað vindfang á norðurhlið og tvö hjólaskýli á austur- og norðurhlið lóðar ásamt því að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 18 við Borgartún.

Stækkun mhl. 01: 17,9 ferm., 72,5 rúmm.

Mhl. 02: 15,3 ferm., 47,1 rúmm.

Mhl. 03: 31,1 ferm., 88,8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags., 17. desember 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Brautarholt 1 - USK24120062

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr timbri við suðvesturhlið og til að breyta innra skipulagi í golfskála á lóðinni Brautarholt I með landnúmer 125660.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 6. desember 2024, greinargerð um brunavarnir dags. 31. janúar 2025, bréf hönnuðar dags. 23. janúar 2025 og svör við athugasemdum.

Stækkun: 144 ferm.

Eftir stækkun: 290,8 ferm., 932,3 rúmm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

11. Dalsmúli 1 - USK25030079

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061572 eigna lokaúttektar þannig að atvinnurými á 1. hæð verður óinnréttað í íbúðar- og atvinnuhúsi nr. 1 við Dalsmúla.

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

12. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlíð, byggja hljólaskýli í garði, gera ljósgryfju á norðurhlíð og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta fimm íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

13. Einarsnes 66A - USK25020047

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og anddyri sem hefur verið rífið við einbýlishús á lóð nr. 66 við Einarsnes.

Stækkun: 20,7 ferm.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022, bréf um sameiningu fasteigna og yfirlit breytinga.

Stærð eftir breytingu: 223,1 ferm., 524,7 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

14. Eirhöfði 1 - USK25010176

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020319 þannig að tafla fyrir báða áfanga er sameinuð, veggjabykkir og reyklosun er breytt til samræmis við verkeikningar ásamt því að innra skipulagi íbúða, gluggum og hurðum er breytt í fjölbýlishúsum á lóð nr. 1 við Eirhöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. Fiskislóð 23-25 - USK24050206

Sótt er um að leyfi að breyta innra skipulagi og bæta við milligólfi í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð.

Stærð milligólf: 394,9 ferm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Fiskislóð 39 - USK24110092

Sótt er um leyfi til að stækka milliloft og breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 39 við Fiskislóð

Stækkun: 71,6 ferm.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Fiskislóð 65 - USK25020340

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122989, með síðari breytingu USK23050287 vegna lokaúttektar þannig að björgunarop hefur verið fjarlæggt út kaffistofu þvottahúss í húsi nr. 65, mhl.04, á lóð nr 53-69 við Fiskislóð.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Fjölnisvegur 15 - USK25020322

Sótt er um leyfi til að sameina eigir 0201 og 0301 í húsi nr. 15 við Fjölnisveg.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Fossaleynir 14 - USK24100365

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN028601, með síðari breytingum BN044989 og BN048956 vegna lokaúttektar, fækka bílastæðum á lóð, gera milliloft, bæta við salernum og breyta innra skipulagi í kirkju og safnaðarheimili fyrir 140 manns í rými 0101 í atvinnuhúsi á lóð nr. 14 við Fossaleyni.

Jafnframt er erindi BN059223 verði dregið tilbaka.

Stækkun: 61.6 ferm., 0.0 rúmm.

Erindi fylgir fylgibréf frá hönnuði dags. 27. febrúar 2025, bréf frá hönnuði dags. 18. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþyttum 14. apríl 2015.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. Framnesvegur 38 - USK25010072

Sótt er um leyfi til þess að byggja 3.hæða fjölbúylshús á lóð nr 38 við Framnesvegi.

Erindi fylgir hæðarblað dags.september 2014 og mælibleið, Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 7. mars 2025

Stærðir:

Ferm. 273,5 rúmm. 759,4

Gjald kr.16.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

21. Gerðarbrunnur 44 - USK25020299

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037350 þannig að gerð er aukaíbúð á 1. hæð, stigi uppá 2. hæð og þriðja bílastæðinu bætt við framan við einbýlishús á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Gerðarbrunn 46 dags. 14. október 2022 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. Gerðhamrar 5 - USK25020303

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og fjölga eignum með því að gera nýja íbúð 0002 í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 5 við Gerðhamra.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. Grensásvegur 24 - USK24060322

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055716, með síðari breytingu USK23030024 þannig að hús nr. 24, er hækkað um eina hæð og ásamt húsi nr. 26 klætt utan með álklæðningu, gistihús í flokki II teg b, mhl. 01, á lóð nr. 24 við Grensásveg.

Stækkun: 100.5 ferm., 222.2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu með rafrænni áritun hönnuðar dags. 29. nóvember 2023 og afrit af aðaluppdrætti sem sýnir að samskonar hækkun var samþykkt 30. nóvember 1972.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

24. Grettisgata 87 - USK24080164

Sótt er um leyfi til að endurbyggja stálgrindarhús klætt steinullareiningum eftir bruna á kjallara sem fyrir er og innréttu réttingaverkstæði og heildverslun á 1. hæð og bílageymslu í kjallara á lóð nr. 87 við Grettisgötu.

Stærð: 1.704,1 ferm., 6.800,1 rúmm.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25. Gæfutjörn 22 - USK25020065

Sótt er um leyfi til þess að setja upp sólarcellur á þak fjölbýlishúss á lóð nr. 22 við Gæfutjörn.

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

26. Hafnarstræti 18 - USK25010338

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054146, með síðari breytingum BN056543, BN058455 OG USK23050206 þannig að innra skipulagi er breytt í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í afriti af tölvupósti dags. 30. janúar 2025 og greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V02 dags. 8. janúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. september 2018.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Hamrahlíð 17 - USK25020171

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 sem snýr að innanhússbreytingum á 5. hæð þar sem augnlæknar munu hafa starfsemi auk þess er sótt um að breyta glugga og hurðarútliti í samræmi við 6 hæð í húsi nr. 17 við Hamrahlíð

Frestað.

Vísað til athugasemda.

28. Haukahlíð 18 - USK25020149

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-5 hæða fjölbýlishús, 3 stigahús með 85 íbúðum á kjallara með 54 bílastæðum á lóð nr. 18 við Haukahlíð.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugger dags. 10. febrúar 2025, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 12. febrúar 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 5. febrúar 2025 og greinargerð hönnuðar dags, 10. febrúar 2025 og minnisblað um innkeyrslurampa dags. 24. janúar 2025.

Stærð, mhl. 01: 9.148,6 ferm., 25.884,8 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. Hellusund 6A - USK25020360

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060793, með síðari breytingu24040107 vegna lokaúttektar, þannig að brunavörnum er breytt lítillega og kafli um brunavarnir uppfærður fyrir skrifstofuhús á lóð nr. 6A við Hellusund.

Erindi fylgir greinargerð um sambrunahættu dags. 14. febrúar 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

30. Hofteigur 12 - USK25010210

Sótt er um leyfi til þess að breyta bílskúr í vinnustofu og breyta timbur útistiga í stálstiga á húsi á lóð nr. 12 við Hofteig.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun skipulagsfulltrúa 13. febrúar sl.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. Hrossnes 10-16 - USK24100358

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum á mhl. 01 á lóð nr. 10-16 við Hrossnes. Stærð 393,6 ferm og 1072,90 rúmm. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23.janúar 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

32. Hæðargarður 22 - USK25020004

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050047 þannig innra skipulagi rishæðar er breytt, svalir og kvistur á suðurþekju er stækkaður á íbúðarhúsi á lóð nr. 22 við Hæðargarð.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24020005 umsókn um samskonar breytingar á aðliggjandi lóð nr. 24 við Hæðargarð.

Stækkun: 1.8 ferm., 8.5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. júní 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

33. Hæðargarður 24 - USK25020005

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24030046 þannig innra skipulagi rishæðar er breytt, svalir og kvistur á suðurþekju er stækkaður á íbúðarhúsi á lóð nr. 24 við Hæðargarð.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24020004, umsókn um samskonar breytingar á aðliggjandi lóð nr. 22 við Hæðargarð.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. júní 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

34. Kalkofnsvegur 1 - USK25020183

Sótt er um að breyta erindi BN060121 sem snýr að brunavörnum, reyklosun og innra skipulagi í húsi nr. 1 við Kalkofnsveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun útg.8

Frestað.

Vísað til athugasemda.

35. Kirkjustræti 10a - USK25020269

Sótt er um leyfi til að breyta brunavörnum í húsi nr. 10a við Kirkjustræti. Erindinu fylgir greinargerð um brunahönnun dags. 15.01.2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

36. Kuggavogur 26 - USK24090355

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057990 þannig að sótt er um heimild fyrir svalalokun í íbúð 0501 á lóð nr. 26 við Kuggavog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 2. maí 2023 og samþykki eiganda dags. 2. júní 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. Köllunarklettsvegur 6 - USK25020124

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu sem hýsa á lager og frystigeymslu við hús á lóð nr. 6 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir teikningaskrá, brunahönnun dags. 5. febrúar 2025 og útreikningur á varmatapi dags. 10 febrúar 2025.

Stækkun: 2.227,6 ferm., 31.638,4 rúmm.

Eftir stækkun: 4.528,6 ferm., 54.049,6 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

38. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 15. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á teikningu c2c1- útg. 1.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

39. Mýrargata 37 - USK25020021

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0104 í mhl. 05 og gera þar skrifstofur ásamt því að bæta við glugga á vesturhlið hússins nr. 37 við Mýrargötu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

40. Nauthólsvegur 68B - USK25020302

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059588 vegna lokaúttektar þannig að texta brunahönnunar er breytt vegna eldhúss sem verður móttökueldhús í flugskýli, mhl. 09, á lóð nr. 68B við Nauthólsveg.

Erindi fylgir uppfærð skýrsla um brunahönnun frá Öruggeri dags. 16. desember 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

41. Óðinsgata 13 - USK25020268

Sótt er um leyfi til þess að breyta útliti og innra skipulagi til þess að bæta aðgengi og algilda hönnun íbúðar, og til þess að stækka með glerskála einbýlishús, mhl.02 á lóð nr. 13 við Óðinsgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. febrúar 2025, greinargerð hönnuðar dags. 21. febrúar 2025 og skýrsla vegna sambrunahættu dags. 4. febrúar 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

42. Óðinsgata 14A - USK25010130

Sótt er um leyfi til þess að sameina lóðir við Óðinsgötu 14A og 14B og breyta innanhúss og utan í fjölbýlishúsi á lóð nr. 14A og 14B við Óðinsgötu.

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2025, hljóðvistargreinargerð dags. 9. janúar 2025. og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. mars 2025.

Frestað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 6. mars 2025.

43. Rafstöðvarvegur 41 - USK25020106

Sótt er um leyfi til að byggja garðskála við hús nr. 41 við Rafstöðvarveg. Stærð 23,5 ferm. 59,2 rúmm.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

44. Seljavegur 2 - USK24110110

Sótt er um leyfi til þess að setja upp fjarskiptalofnet á gistihúsnæði á lóð nr. 2 við Seljaveg

Erindi fylgir yfirlýsing vegna samkomulags dags. 1. október 2024

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

45. Skeljanes 8 - USK25020323

Sótt er um leyfi til þess að klæða einbýlishús með málmklæðningu, endurnýja handrið á svalir ásamt breyta inngangar í kjallara á lóð nr. 8 við Skeljanes.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

46. Skipholt 1 - USK25010337

Sótt er um leyfi til þess innréttu skrifstofu í atvinnuhúsnæði á lóð nr.1 við Skipholti
Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 9. apríl 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

47. Skipholt 50B - USK25020172

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að innra skipulagi og innréttu
nuddstofu í rými 0201 í suðausturhluta 2. hæðar í atvinnuhúsi á lóð nr. 50B við Skipholt.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

48. Skipholt 70 - USK25020185

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í fl. II ýmsum innanhússbreytingum í húsi nr. 70 við
Skiopholt.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

49. Snorrabraut 77 - USK24110289

Sótt er um leyfi til að hækka ris og skipta í tvær íbúðir einbýlishúsi á lóð nr. 77 við
Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. janúar 2025..

Stækkun: 44,4 ferm., 157,9 rúmm.

Eftir stækkun; 268,6 ferm.. 778,1 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

50. Sogavegur 71 - USK25020130

Sótt er um leyfi til að byggja óupphitaða útigeymslu á lóð nr. 71 við Sogaveg. Stærð 20,6
ferm. og 56,1 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda og til umsagnar skipulagsfulltrúa.

51. Sogavegur 92 - USK24100127

Sótt er um leyfi til að byggja 39,9 ferm. og 129,3 rúmm. bílageymslu á lóð nr. 92 við
Sogaveg.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sogavegi 90 og 94 og Hlíðargerði 19,
21 og 23, frá 15. janúar 2025 til og með 12. febrúar 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

52. Stangarholt 16 - USK24120096

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum sem snúa að kjallara og rými undir stigapalli á
2. hæð, auk þess að breyta eignarhaldi á þessum rýmum og breyta sameign í séreign í
húsi nr. 16 við Stangarholt.

Erindi fylgir samþykki annarra eiganda í húsinu.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

53. Stangarholt 18 - USK25020229

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að að fjarlægja burðarvegg og setja upp burðarbita í staðinn í íbúð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 18 við Stangarholt.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

54. Stóragil - USK24110189

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri með innbyggðri bílgeymslu á lóðinni Stóragil með landnúmer 237090. Stærð: 156,5 ferm., 561,4 rúmm.

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

55. Stórhöfði 15 - USK25010195

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag í verslunarhúsnæði á lóð nr. 15 við Stórhöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 25. nóvember 2011.

Frestað.

Lagfæra skráningu.

56. Suðurrhólar 10 - USK25020231

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra og ytra byrði skólahúsnæðis á lóð nr.10 við Suðurrhólar

Erindi fylgir yfirlit breytingar og hljóðvistargreinagerð dags. 22.1.2025

Stærðir:

Stækkun

Ferm. 291,4 Rúmm. 745,2

Frestað.

Vísað til athugasemda.

57. Suðurrhólar 19 - USK25010178

Tilkynnt framkvæmd sem snýr að því að klæða steypa gafflveggi með kassettuklæðningu ásamt timburklæðningu að hluta, auk þess verður timburkofi sem notaður hefur verið sem sorpilát fjarlæggt og forsteypt sorpskýli sett í hans stað auk nýrrar girðingar á lóð nr. 19 við Suðurrhóla.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

58. Suðurlandsbraut 4A - USK25020304

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á veitingastað í mhl. 03 rými 0102 í húsi nr. 4a við Suðurlandsbraut.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

59. Suðurlandsbraut 52 - USK25020182

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta verslun með kennslustofu inn af starfsmannaaðstöðu í rými 0101, 0103 og 0104 í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.04, við Suðurlandsbraut 52 á lóð nr. 46-54 við Suðurlandsbraut.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

60. Sólvallagata 1 - USK25020064

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt anddyri á vesturhlið, og stækka viðbyggingu á suðurhlið og koma fyrir svölum á þaki beggja viðbygginga við einbýlishús á lóð nr. 1 við Sólvallagötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 13. febrúar 2025.

Stækkun mhl. 01: 63,2 ferm., 169,8 rúmm.

Mhl. 01 eftir stækkun: 263 ferm., 741,8 rúmm.

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.

61. Súðarvogur 52 - USK25020230

Sótt er um leyfi fyrir að breyta notkun á 2 og 3ju hæð úr iðnaði yfir í íbúðir sem eru áður gerðar og setja svalir á hvora hæð í húsi nr. 52 við Súðarvog. Erindinu fylgir samþykki eiganda fyrstu hæðar dags. 18. janúar 2025.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

62. Templarasund 3 - USK25020267

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, leggja niður núverandi veitingarekstur í rýmum 03-0102 og 01-0101og innrétt morgunverðarsal, opna inn í rými 01-0101 breyta og breyta gestamóttöku hótels við sameina rými breyta aðkomu og móttöku og innrétt morgunverðarsal í rýmum fyrir hótél við Kirkjutorg 4, mhl.03, á lóð nr. 3 Við Templarasund.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

63. Tunguháls 1 - USK25020211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030162 sem snýr að reyklosun sem var áður samþykkt í þaki byggingarinnar en verður nú vélræn og veitt útum gafl á á austurhlið í húsi nr. 1 við Tunguháls. Erindinu fylgir greinagerð um brunavarnir og yfirlit breytinga.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

64. Öldugrandi 9 - USK25010177

Sótt er um leyfi til þess að breyta bílastæðum á lóð nr. 9 við Öldugranda
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 13:00

**Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson
Edda Þórsdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**